

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JANÚAR 2019

1. tbl. 26. árg.



Er um á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:
Mán: 9.30-16
Þri-fös: 9.30-18
Lau 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Viðtal við
Pétur Eggerts
leikara og
leiðsögumann



Útskrift í FB

Þann 20. desember útskrifuðust 117 nemendur FB við háttfölega athöfn í Hörpu. Á myndinni er útskriftarhópur skólans í Hörpu. Nánar á bls. 8-9.

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
– einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

ÞORRAMATUR Í MIKLU ÚRVALI HJÁ OKKUR

SELJAKJÖR
– KAUPMAÐURINN Á HORNINU –



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrót: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
1. tbl. 26. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Lagt til að sameina Suðurborg og Hólaborg

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur hefur lagt til að tveir leikskólar við Suðurrhóla í Breiðholti verði sameinaðir. Um er að ræða leikskólana Suðurborg og Hólaborg. Í stað þeirra komi ein leikskóli með 10 deildum sem getið tekið við allt að 100 börnum. Lóðir skólanna liggja saman og aðeins eru rúmir 40 metrar á milli þeirra. Í Suðurborg eru sjö deildir sem geta rúmað rúmlega 100 börn. Hólaborg er minni leikskóli með þremur deildum fyrir um 50 börn.

Skólunum er í dag stýrt af tveimur skólastjórum sem báðir eru ráðnir tímabundinni ráðningu eftir að skólastjórar þeirra hafa látið af störfum. Ráðningarsamningar þeirra beggja renna út 31. mars næst komandi og ef af sameiningu verður er gert ráð fyrir að einn skólastjóri komi í stað tveggja. Einnig er gert ráð fyrir sameiningu mótuneyta þannig að eldhús Suðurborgar verði aðaleldhús þar sem máltíðir verði framleiddar en eldhús Hólaborgar



Leikskólinn Suðurborg við Suðurrhóla.

verði gert að móttökueldhúsi. Þá er gert ráð fyrir breyttu hlutverki viðbyggingar við Suðurborg. Hún var reist til þess að bæta aðstöðu kennara og starfsfólks skólans en myndi eftir sameiningu nýtast öllu leikskólastarfinu

við Suðurrhóla. Leikskólarnir Suðurborg og Hólaborg starfa sinn eftir hvorri uppeldisstefnu og líkur eru til þess að verði þeir sameinaðir verði ein uppeldisstefna í leikskólastarfinu.

FB í fararborddi

Íspjalli við Þorgeir Þorsteinsson hér í blaðinu sem varð dúx á stúdentsprófi í FB á liðinni haustönn kemur fram að hann stundað nám sitt á iðnaðarbraut og lauk námi í rafvirkjun áður en hann lauk sjálfu stúdentsprófinu. Hann sagði hug sinn ávallt hafa staði til iðnaðarmennsku og því ákveðið að fara þessa leið. Stúdentsprófið væri einkum tekið til þess að eiga möguleika á framhaldsnámi í háskóla.

Námsleið Þorgeirs og það hugarfar sem býr henni að baki er til umhugsunar fyrir nám á framhaldsskólastigi í landinu. Miklar umræður hafa farið fram um framhaldsskólanna og þá einkum brottfall nemenda. Rætt hefur verið um að námsleiðir skorti og um of sé einblínt á hið hefðbundna bóknám og stúdentspróf sem í flestum tilvikum er lykill að háskólanámi.

Lengi vel þótti ekki sjálfsagt að flestir lykju framhaldsskólanámi og ýmsar hindranir voru lagðar á leið til þess - þar á meðal landsprófið gamla sem notað var til þess að velja fólk til náms í framhaldsskólum en útiloka aðra.

Nú hafa orðið miklar breytingar á hugarfari og væntingum til náms. Vandinn er að framhaldsskólinn hefur ekki náð að laga sig að þeim eftir þörfum sem eru þó augljósar. Aðlögun að nýjum þörfum kostar fjármuni og hugarfarið að enginn sé maður með mönnum án stúdentsprófa hefur grafið um sig. Húfan og veislan er nokkuð sem margir foreldrar líta á sem sjálfsagðan þátt í lífi ungmenna.

Í fjölbrautaskólanum í Breiðholti hefur verið þróað fjölbreytt skólastarf þar sem margvíslegum þörfum framhaldsskólanema er sinnt. Fólk getur útskrifast úr námi með ýmsa kunnáttu og starfsréttindi án hins eiginlega stúdentsprófs en engu að síður haldið þeim möguleika að ljúka því að öðru námi loknu. Saga Þorgeirs er dæmi um slíka vegferð innan skólans.

Engar tvær manneskjur eru eins. Áhugasvið fólks eru ólík. Bakgrunnur misjafn og ljóst að það sama hentar ekki öllum. Því er nauðsynlegt að haga skólastarfi á þann hátt að það geti hentað sem flestum. Þar er FB í fararbroddi íslenskra framhaldsskóla.



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir Pantaðu tiltekt á appotek.is eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

GIMLI FASTEIGNASALA

Kæri Breiðhylltingur,
Þarft þú að selja?

Endilega hafðu samband, við metum eignina þína, þér að kostnaðarlausu og án skuldbindingar!

Næsti kafli hefst hjá okkur



Halla Unnur Helgadóttir
Ábyrgðarmaður
halla@gimli.is
s: 6594044



Bárður H. Tryggvason
bardur@gimli.is
s: 8965221



Elin Rósa Guðlaugsdóttir
elinrosa@gimli.is
s: 7737126



Elin Urður Hrafnberg
elinr@gimli.is
s: 6902602



Ellert Bragi Sigurþórsson
ellert@gimli.is
s: 6611121



Kristján Gíslason
kristjan@gimli.is
s: 6914252



Lilja Hrafnberg
lilja@gimli.is
s: 8206511



Sigþór Bragason
sb@gimli.is
s: 8999787



Hafrún Huld Einarsdóttir
hafrun@gimli.is
s: 5704800



Minum á samstarf Gimli og knattspyrnudeildar ÍR -
meira um málið í síma 570 4800





Bjóðum venjuleg kerfi og einnig sérhönnuð kerfi fyrir aðstæður þar sem krafist er sérstaks styrkleika vegna vindálags Cover Aluproducs hefur verið frumkvöðull í hönnun á glerbrauta-prófilum síðan á níunda áratug síðustu aldar og er kerfið orðið vel þekkt um allan heim. Cover er finnskt gæðafyrirtæki og hafa Íslendingar tekið vel við sér því á aðeins þremur árum hafa verið sett upp um yfir fimm hundruð svalir og sólstofur um allt land. „Við erum með glerhandriða lausnir fyrir verktaka með möguleika fyrir svalalokun fyrir kaupendur íbúða. Cover Iceland býður einnig upp á kaup á heilum kerfum á hagstæðu verði,“ segir Þuríður Kristín hjá Cover Iceland.

Hentar íslenskum aðstæðum

Cover hentar sérstaklega vel við íslenskar aðstæður þar sem getur orðið ansi vindasamt, kalt og blautt eins og við höfum mörg hver fengið að reyna á eigin skinni bæði í allt sumar og líka síðasta vetur. Í dag gera svo flestir íslenskir arkitektar og verkfræðingar kröfur um sérstakt vindálagsþól því það hefur sýnt sig að hérlandis geta vindhviður orðið afar snarpar og sterkar vegna ýmissa landfræðilegra skilyrða. Cover Iceland býður meðal annars handrið og svalalokunarkerfi sem er sérstaklega hannað og þróað kerfi fyrir íslenskt veðurfar og er sérstaklega vindþolið. Þá er glerið allt að 20 mm og 15 mm í svalalokum. Bilum milli glerja er lokað með PVC-þéttilista sem kemur í veg fyrir að snjór og vatn komist inn. Þannig býður Cover Iceland 100% vatns- og vindþétt svalalokunarkerfi. „Cover-svalalokunarkerfin veita skjól allan ársins hring og lengja til muna þetta stutta sumar sem okkur á norðurhveli jarðar býðst ár hvert.

Þannig eykur Cover notagildi svalanna og jafnframt verðmæti fasteignarinnar,“ segir Þuríður.

Öryggi og hljóðeinangrun

Glerið sem notað er í Cover-kerfin er fjórum sinnum sterkara en venjulegt gler af sömu þykkt. „Öryggið felst í því að ef það brotnar þá molnar það í ótal litla mola í stað hvassra stærri brota í venjulegu gleri. Einnig geta glerjaðar svalir með einföldu gleri minnkað hávaða að utan um 7 desíbel. Og ef um er að ræða 2500 Herz-hávaða þá minnkar hljóðið um 13,5 desíbel,“ segir Þuríður.

Hágæða kerfi

Hjólábúnaðurinn er eitt af aðalsmerkjum Cover-glerbrautarkerfisins en hjólalegurnar gera glerbrautarkerfið afar þægilegt í notkun. Hjólin eru jafnstór að ofan og neðan sem gerir það að verkum að Cover-svalalokunarkerfið er skróltfrítt og glerflekinn er algjörlega njörvaður niður, sem er nauðsyn hér á landi. Glerflekarnir hanga ekki í efri braut heldur renna til á jafnstórum hjólum í efri og neðri braut sem tryggir jafnt álag og útilokar glamur og stíðleika.

Þarf ekki lengur að moka snjó

„Það nýjasta hjá okkur eru svo rennihurðir og glerskálar með þaki. Einnig er hægt að fá stök þök svo sem yfir tröppur og skýli við útidyr. Þá þarf ekki að moka snjóinn úr tröppunum,“ segir Þuríður.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.covericeland.is CoverIceland ehf. Auðbrekka 10, 200 Kópavogur (+354) 519-7771 – 777-7001 covericeland@covericeland.is



Keilufellið er eins og kardemommubær

- segir Pétur Eggerz leikari og leiðsögumaður

Pétur Eggerz leiklistarfrömuður, leikari, leiðsögumaður og fararstjóri spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Hann hefur búið í sænska timburhúsahverfinu milli Gerðubergs og Fella- og Hóla­kirkju í Efra Breiðholti um langt skeið. En húsakaupin þar eru ekki fyrstu kynni hans af Breiðholti. Hann er alinn þar upp að mestu leyti, fyrst í Bökkunum en síðar í Seljahverfi og hlaut skólagöngu í Breiðholtsskóla, Hólabrekkuskóla og FB.

“Ég er Breiðhyllingur en hef þó ekki búið samfellt í Breiðholtinu. Ég var átta ára þegar fjölskyldan flutti í Ferjubakka sem var fyrsta blokkinn sem var byggð í Bakkahverfinu. Þetta var eins og að fara upp í sveit. Engin byggð var komin utan nokkur einbýlishús sem voru í byggingu í Stekkunum fyrir neðan Bakkana. Fyrsta veturinn sem við bjuggum þarna var enginn skóli í Breiðholti en við krakkarnir vorum send með skólabíl niður í Austurbæjarskóla. Árið eftir kom svo Breiðholtsskóli. Þetta var allt öðruvísi en síðar varð. Fyrstu árunum var eytt í náttúruskoðun því ekki þurfti að fara langt til þess að vera kominn út í ósnerta náttúru. En breytingarnar urðu hraðar. Breiðholtið byggðist upp af miklum hraða. Efri hlutinn byggðist fljótt á eftir þeim neðri og svo kom Seljahverfið þangað sem við fluttum tíu árum síðar. Margt barnafólk flutti í Bakkana og umhverfið var um flest mjög fjölskylduvænt. Hverfið er skemmtilega hannað og við krakkarnir þurftum ekki að fara yfir götu til þess að fara í skólann. En þótt byggðin stækkaði og fleiri hverfi og hverfishlutar byggðust upp þá vorum við krakkar og unglingar í Breiðholtinu ekki að fara mikið á milli þeirra. Byggðin skiptist í tvennt sitt hvoru megin við dalinn. Mér finnst villandi að tala um Breiðholti sem eitt hverfi. Þetta er mikið fremur byggð með nokkrum mismunandi hverfum. Seljahverfið er að nokkru leyti tvískipt og einnig Fella- og Hólabbyggðin. Sem heild er þetta fjölmennari byggð en flest sveitarfélög í landinu. Kemur næst á eftir Kópavogi og Hafnarfirði. Er þriðja fjölmennasta byggðarlagið hér á landi.”

Byrjaði að leika í Hólabrekkuskóla

Pétur átti sína hefðbundnu skólagöngu í Breiðholtinu. Hann var í Breiðholtsskóla fram að landsprófsbekk. “Þá var landsprófið enn í gangi en ég held að það hafi verið síðasta árið sem það var viðhaft. Ég tók landspróf í Hólabek­kuskóla og hélt síðan í FB. Þegar kom fram á framhaldsskólárin komu ákveðnir ókostir fram. Breiðholt



Pétur Eggerz í hlutverki Jóns Steingrímssonar eldklerks. Hann segir að tildrög þeirrar sýningar Möguleikhússins séu að hann hafi verið sveit í Meðallandinu á söguslóðum klerksins í æsku.

er það langt frá Miðborginni að erfitt var að sækja Miðborgarlífið og fara á djammið. Alla vega var dýrt að taka leigubíl heim seint á kvöldin eða á nóttunni. Maður lét sig þó hafa það og lauk náminu í FB.” Pétur fór snemma að fást við leiklist. “Ég byrjaði að sinna leiklistinni í Hólabrekkuskóla. Sigurður Líndal var leiklistarkennari þar og sinnti okkur krökkunum vel. Ég hélt áfram í FB og séra Guðmundur Sveinsson sem var fyrsti skólameistari þar var hliðhollur

leiklistinni. Ég tók líka mikinn þátt í félagsstarfinu þar. Var þátttakandi í því að búa til ýmsa klúbba. Sumt af því var frumstætt en ég held að ég hafi lært mikið af þessu félagsstarfi. Reynslan frá þessum tíma hefur nýst mér meira við þau störf og verkefni sem ég hef tekið mér fyrir hendur síðar á lífsleiðinni en margt af því sem ég hef lært í hefðbundnu námi. Nei – ég fór ekki beint í nám í leiklist að þessu loknu. Ég fór í bókmenntafræði í Háskóla Íslands. Ég var þar í þrjá vetur en sannast sagna lauk

ég náminu aldrei. Ég átti eftir að ganga frá lokaritgerð til BA prófs. Ég hef aldrei tekið hana fram aftur. Geri það kannski þegar ég verð komin á efri ár. Ástæða þess að ég útskrifaðist ekki var einkum sú að ég var farinn að sinna leiklistarlífinu það mikið að ég rann út á tíma. Ég var við nám í leiklistarskóla Helga Skúlasonar sem var ákveðin uppeldisstöð fyrir leikara á þessum árum og í gegnum það gat maður fengið lítil hlutverk eða sem statisti í sýningum í Þjóðleikhúsinu.”



Úr sýningu Möguleikhússins um Sæmund fróða.

Leiklistarnám í London

Þaðan lá leiðin síðan til Bretlands. “Já - ég fékk inni í skóla í Bretlandi fyrr en ég hafði búið við og var þar við nám í tvö og hálf t. Ég fór ekki beint úr statistahlutverkum hér heima í Shakespeare en hann kom þó fljótlega við sögu í náminu ytra. Bretar vinna mikið með verk hans í leikhúsi. Hann er þeirra stærsta nafn í leiklistarsögunni. Þegar maður er að læra í öðru landi þarf að hafa meira fyrir tungumálinu. Ég var í London sem er mikil menningar- og leiklistarborg. Maður gat verið endalaust í leikhúsum og á leiksýningum og oft lærði ég meira á að sækja sýningar í hinum og þessum leikhúsum en í sjálfum skólanum. Ég kom heim frá London 1984 fór að svipast um eftir verkefnum. Það háði mér nokkuð að hafa lært erlendis vegna þess að færri þekktu til manns. Ég fékk þó ýmis verkefni. Til dæmis lenti ég í að starfa með Stuðmönnum við tókur myndar sem heitir Hvítir Mávar og var gerð eftir myndina Með allt á hreinu. Síðan fékk ég starf hjá Leikfélagi Akureyrar í fjóra vetur.”

Á ættir úr Svarfaðardal

Hvernig var að vera allt í einum komin þangað eftir veru í stórborginni ytra. “Ég kynntist Akureyri nokkuð á þeim tíma en þar sem ég var einn og ekki með fjölskyldu þá togaði heimabyggðin hér syðra alltaf í mann. Ég var á talsverðu flakki fram og til baka ekki síst þegar leið á leikárið, æfingar búnar og starfið snérist að mestu um sýningar sem voru um helgar. Ég kynntist ýmsu góðu fólki hjá Leikfélaginu. Þráni Karlssyni, Sunnu Borg og Gesti Einari Jónassyni síðar útvarpsmanni svo nokkurra sé getið. Theodór Júlíusson var að leika þar og var einnig formaður Leikfélagsins á þeim tíma. Þegar ég kom norður stýrði Signý Pálsdóttir leikhúsinu en svo urðu skipti. Pétur Einarsson var leikhússtjóri um tíma og fleiri komu þar við sögu. Ég tók líka eftir því hversu öflugt leiklistarlíf er við Eyjafjörðinn. Ekki aðeins á Akureyri heldur beggja vegna við fjörðinn. Leikfélögin á Dalvík, Grenivík, Freyvangsleikhúsið í Eyjafirði og leikfélagið í Hörgárdal eða Melaleikhúsið voru öll kraftmikil leikfélög. Ég leikstýrði á Melum á þessum tíma. Það var líka gaman fyrir mig að kynnst þessum byggðum því ég á ákveðnar rætur við Eyjafjörð. Séra Stefán Kristinnsson sem var prestur á Völlum í Svarfaðardal og kona hans Sólveig Eggerz Pétursdóttir voru langafi minn og langamma. Eggerts nafnið er ættað vestan af Skarðsströnd. Það er komið frá Friðriki Eggerz sem var prestur á Skarði á Skarðsströnd 1859 til 1872. Á þessum tíma voru menn að taka sér ættarnöfn – einkum embættismenn og prestar. Ég er



Pétur Eggerz ásamt eiginkonu sinni Öldu Arnardóttur.

nú kominn nokkuð langt frá honum þótt ég beri þetta nafn. Hann var langalangalangafi minn. Hjá mér er um skírnarnafn að ræða vegna þess að ættarnöfn áttu aðeins að erfast í karlegg. Þetta hefur verið að breytast af og til og verið vandamál hjá fólki sem vill halda í gömul nöfn af þessum toga því þegar sonur minn var skýrður árið 1994 mátti ekki nota Eggerz sem skírnarnafn.”

Keilufellið er eins og kardemommubær

“Nei – þótt ég eigi ættartengsl í Eyjafjörðinn var aldrei ætlunin að setjast að nyrðra. Þótt margt gott megi segja um Akureyri og Eyjafjörð var aldrei ætlunin að eyða lífinu þar. Ég kom aftur suður,

stofnaði heimili og það lenti með að við - ég og konan mín Alda Arnardóttir festum kaup á húsi við Keilufell í Breiðholti árið 2002. Við höfum verið þar síðan eða í 16 ár og kunnað vel við okkur. Þetta er eitt af sænsku húsunum sem voru keypt hingað eftir gosið í Heimaey 1973. Þessi húsapýrping ofarlega í Fellahverfinu myndar lítið hverfi í hverfinu. Þau eins og Kardemommubær á milli annarra bygginga. Þetta eru vel heppnuð timburhús og ef maður hugsar til baka. Til gossins og afleiðinga þess þegar þurfti að flytja nær alla íbúa Vestmannaeyja upp á land á einni nóttu má sjá hvað hægt er að gera á stuttum tíma. Gosið hófst í janúar og strax var farið í að finna Vestmanneyingum húsnæði. Þessi hús voru hluti af

því stóra verkefni og ef ég man rétt flutti fólk inn í húsinn fyrir áramótin 1973 til 1974 þegar ekki var liðið ár frá því að gosið hófst. Margir Vestmanneyingar voru fluttir burt þegar við keyptum okkar hús nær þremur áratugum eftir að þau voru reist. Sumir fóru aftur heim til Eyja. Ég veit ekki nákvæmlega hvort einhverjir frumbýlingar úr Eyjum búa þar enn en það getur þó verið. Nú eru við öll systkinin í Breiðholti. Ég er í Fellunum og móðir mín og systur í Seljahverfinu.”

Eins og snjóbolti sem byrjaði að rúlla

Eitt af því sem Pétur hefur gert er að stofna sitt eigið leikhús – Möguleikhúsið sem hefur starfað

talsvert sem ferðaleikhús og sýningar haldnar víðs vegar um landið. “Við vorum þrír sem stofnuðum Möguleikhúsið 1990. Ég, Bjarni Ingvarsson og Grétar Skúlason. Konan mín Alda Arnardóttir sem einnig er leikari kom líka að þessu. Grétar hvarf síðan til annarra viðfangsefna. Hann fór að starfa við kennslu en við höldum áfram og komum okkur upp húsnæði við Hlemm 1994.” Pétur segir þetta hafa verið eins og snjóbolti sem byrjað hafi að rúlla. “Við gerðum leikþætti fyrir krakka sem sýndir voru á Þjóðhátíðardaginn 17. júní og unnum líka ferðaleiksýningar fyrir leik- og grunnskóla. Við vorum oftast með stuttar sýningar – svona klukkustundar þætti og fórum með þær um allt land. Ég held að við höfum náð allt að 200 sýningum á ári þegar best lét. Þetta var nokkuð stíft framhald en maður var ungur og kraftmikill á þessum tíma. Hápunktur Möguleikhússins var á aldamótaárinu 2000 og á fórum við með sýningar til útlanda. Við vorum líka með jólasýningar og ég get nefnt sýninguna Smíður jólasveinanna sem við sýndum allt að 52 sinnum frá því í nóvember til jóla. Við sjáum líka um jólasveinana í Þjóðminjasafninu á jólaföstudni. Ég held að ég sé búinn að leika alla gömlu jólasveinana nema Stúf því hann get ég ekki leikið. Er allt of langur til þess.” Pétur segir að á undanförunum árum hafi starfsemi hægt á sér og Möguleikhúsið hefur ekki verið með sýningu síðustu tvö árin. “Það er talsvert mál að halda utan um þetta og erfitt að láta starfsemina standa undir sér. Við erum ekki áskrifendur að styrkjum og verið háð því að skólar kaupi sýningar. Eftir hrunið dró mikið úr kaupum á sýningum og Þjóðleikhúsið var einnig farið að bjóða upp á ókeypis

barnaleiksýningar. Eftir nær þriggja áratuga starf er spurning hvort maður nennir að ströggla í þessu.” Pétur telur þó ekki rétt að útiloka að Möguleikhúsið eigi eftir að setja upp sýningu. “Ég á eitthvað af leikmyndunum ennþá. Meðal annars úr sýningunni en eldklerkinn séra Jón Steingrímsson. Það er aldrei að vita nema að maður dusti rykið af henni einhvern tíma.”

Leiðsögustarfið hentar mér vel

Pétur hefur snúið sér að öðru viðfangsefni. Ef til vill ekki svo langt frá leiklistinni. Hann hefur starfað sem fararstjóri og leiðsögumaður. En hvernig kom það til. “Ég hef alltaf haft gaman af að ferðast. Ég ferðaðist mikið með náttúrufræðifélaginu og ef til vill á eitthvað af þessum ferðaáhuga rætur úr uppvextinum í Breiðholti. Það voru ekki nema nokkur skref út í náttúruna úr Bökkunum á þeim tíma og mikið um fuglalíf. Ég fékk mikinn áhuga á fuglum. Eiginlega fugladellu. Að starfa við ferðaþjónustu byrjaði með að ég fór í leiðsöguskólann 2006 og eftir það fór ég að taka að mér leiðsögn einkum á sumrin. Eftir því sem ferðaþjónustan hefur vaxið hef ég lent meira í að performera fyrir ferðamenn.” Pétur segir margt fólk úr leiklistargeiranum starfa við leiðsögn. Þetta er ekki að öllu leyti óskyld vinna. Maður stendur fyrir framan fólk og segir frá. Túlkar viðfangsefnið fyrir áheyrendum. Þetta hentar líka vel fyrir sjálfstætt starfandi fólk eins og mig. Að geta farið á milli margvíslegra verkefna. Verið hér í dag og þar á morgun. Maður er bara það sem maður er að gera þá stundina.”


MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalarJón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520Ólafur Finnþósson
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120Þröstur Þórhalsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700Hilmar Jónasson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur fasteignasaliHarpa Rún Glád
hdl. og löggiltur fasteignasali

Fasteignasalan

MiklaborgLágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is**Með þér alla leið**

Í ræktinni



rafbokasafnid.is

Rafbokasafnið

Rithöfundaskóli fyrir börn í Gerðubergi

- eflir lesskilning og kveikir áhuga á lestri

Um næstu mánaðamót verður stofnaður rithöfundaskóli fyrir börn í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Skólinn er skipulagður eins og flestar tómstundir, börn mæta í litlum hópum eftir skóla einu sinni í viku fram á vor og fáhandleiðslu íundirstöðuatriðum skapandi skrifa. Einnig verður farið í vettvangsferðir, rithöfundar koma í heimsókn og listamenn verða meðgestakennslu ímyndskreytingum. Í lok annarinnar er svo stefnt að því að gefa út bók með verkum nemendanna.

Rithöfundaskólinn er haldinn í samstarfi við Fjölskyldumiðstöðina í Gerðubergi og verður opinn öllum börnum í 2. til 6. bekk háðskráningu þar sem takmarkaðpláss er í boði (skráning hefst síðar í mánuðinum). Þókk sé veglegum stuðningi Velferðarsjóðs barna verður skólinn þátttakendum algjörlega að kostnaðarlausu og vonandi nýta sem flestir krakkar, sem hafa áhuga á ritlist, bókum og sköpun, sé þetta einstaka tækifæri.

Ritver efla nærumhverfi og hverfiskjarna

Rithöfundaskólinn er tilraunaverkefni og ef vel gengur verður hann vonandi grunnurinn aðvaranlegu ritveri eða barnamennningarhúsi í Breiðholtinu að fyrirmynd miðstöðva á borð við 826 Valencia í Bandaríkjunum. Það þekja sennilega flestir umræðurnar um læsi íslenskra barna og tómstundapátttöku barna í Breiðholti. Með rithöfundaskólanum er bæði verið að koma til móts við ólík áhugasvið barna, með því að bjóða þeim upp á tómstundastarf sem aldrei áður hefur verið í boði, og einnig efla læsi, en reynslan af ritlistarkennslu sýnir aðhún eflir lesskilning og kveikir áhuga barna á lestri umfram aðra miðla sem hafa haldið bókinni aftur. Ef svo færi að stofnaðyrði varanlegt ritver þá væri það ekki bara hvalreki fyrir börn í Breiðholtinu, heldur hafa dæmin erlendis frásýnt að þau efla hverfiskjarna og nærumhverfi sitt. Smita út frá sér með sköpunargleði og jákvæðni. Eitthvað sem ekki er vanþörf, t.d. í hverfiskjörnunum sem



Börn að undirbúa að skrifa texta.

Reykjavíkurborg festi nýverið kaup á. En slíkt kallar á vilja og samstarf íbúa, borgaryfirvalda, menningar- og fræðslustofnanna sem og einkaaðila eins og þeirra sem standa að rithöfundaskólanum.

Rithöfundaskólinn kynntur á næstu vikum

Skólastjóri rithöfundaskólans og aðalleiðbeinandi er Markús Már Efraím, sem hefur 15 ára reynslu af vinnu með börnum sem grunnskólakennari, bókavörður, frístundaleiðbeinandi og svo ritlistarkennari. Hann hefur kennt yfir 500 börnum skapandi skrif á frístundaheimilum, í skólum, á bókasöfnum og Listasafni Reykjavíkur. Markús hefur hlotið Hvatningarverðlaun Heimilis og skóla, Hvatningarverðlaun skólanefndar Kópavogs og Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur fyrir skapandi starf með börnum. Hann ritstýrði bókinni Eitthvað illt á leiðinni er, safni hrollvekja eftir 8 til 10 ára nemendur hans, en bókinn hlaut tvær tilnefningar til Barnabókaverðlauna Reykjavíkur og voru sögurnar fluttar í Stundinni okkar síðasta vetur.



Bókasafnið er nauðsynlegur þáttur rithöfundaskólastarfsins.

Markús hefur líka gefið krökkum ráðum ritlist í Stundinni okkar og í þættinum Sögur. Hann situr einnig íráðgjafaráði fyrir The International Alliance of Youth Writing Workshops, alþjóðlegs nets ritvera. Auk þess að vera með fasta hópa nemenda yfir önnina, þá stendur einnig til að bjóða upp á stök námskeiðiritlist fyrir áhugasama krakka. Á næstu vikum verður rithöfundaskólinn kynntur í skólum hverfisins en einnig verður hægt að fylgjast með framvindu hans og skránemendur á vefsíðunni www.barnamennningarhus.com. Vonandi verður þetta bara upphafið af blóðbylgju ungra rithöfunda úr Breiðholtinu.

www.breiðholt.is

Í Mjódd á nýjum stað!

Lyfjaval
APÓTEK

Lyfjaval
APÓTEK
var til húsa

Lyfjaval
APÓTEK
nú til húsa

Starfsfólk Lyfjaval
tekur hlýlega
á móti þér



opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Læs í vor í Breiðholti

- hægt að margfalda lestrarhæfni

Læs í vor er námsefni sem Guðríður Adda Ragnarsdóttir atferlisfræðingur og kennsluráðgjafi hefur þróað í starfi sínu til að kenna lestur og ritun með stýrðum fyrirmælum (Direct Instruction, DI) og hnitmiðaðri færniþjálfun (Precision Teaching, PT). Kennarar þurfa að ljúka námskeiðinu Læs í vor til að fá réttindi til að nota námsefnið.

Sýnt hefur verið fram á að þegar kennt er með hinni samsettu tækni stýrðra fyrirmæla (DI) og hnitmiðaðrar færniþjálfunar (PT), leiðir námsefnið LÆS Í VOR til þess að lestrarfærni margfaldast hjá þeim sem hefja það, óháð aldri nemendanna eða ástæðum ólæsisins. Verkefnið Læsi allra mál - LÆM á Þjónustumiðstöð Breiðholts fékk styrk frá Sprota-sjóði og ákvað í framhaldi, í samstarfi við alla grunnskólana í hverfinu, að bjóða kennurum í Breiðholti upp á námskeiðið Læs í vor. Tveimur kennurum frá hverjum skóla var boðið á námskeiðið þeim að kostnaðarlausu til að læra þessa



Þátttakendur í námskeiðinu Læs í vor.

aðferð við kennslu lesturs og ritunar. Alls mættu þátttakendur þrjár helgar með fimm vikna millibili en unnu þess á milli með nemendur undir leiðsögn Guðríðar Öddu. Miklar framfarir urðu hjá þeim nemendum sem

unnið var með á haustönninni. LÆM óskar kennurum til hamingju með frábæran árangur og hlakkar til að fylgjast með þeim nýta þessa kennsluaðferð fyrir þá nemendur sem þurfa sértæka aðstoð við lestrarnám.

Stækkunarglerslappar



Vandaðir stækkunarglerslappar í föndur og fína vinnu. Góð birta.

29.990,-

14.998,-

19.998,-

Glóey

- gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ♦ Office 365 þjónusta
- ♦ Gagnabjörgun og afritun
- ♦ Umsjón tölvukerfa
- ♦ Vefsíðugerð og umsjón
- ♦ Tölvuviðgerðir
- ♦ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

DARTVÖRUR Í ÚRVALI



Síðumúla 35 (gengið inn að aftan) · Sími 568 3920 & 897 1715

Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- B-réttindi á íslensku, pólsku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Bifhjólanámskeið
- Meiraprófsnámskeið
- Afleysingamannanámskeið á leigubíl og Atvinnuleyfishafanámskeið í samvinnu við Samgöngustofu
- Endurmenntun Atvinnubílstjóra



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Ópið 10-17 alla daga.

mwww.bilprof.is

Rafmagnið hefur alltaf heillað mig

Porgeir Þorsteinsson var dúx í Fjölbautaskólans í Breiðholti í lok haustannar 2018. Hann fyrst próf á rafvirkjabraut, nú stúdent-sprófi að loknu starfsnámi og hlaut verðlaun fyrir bestan árangur. Þorgeir er Borgnesingur. Faðir hans er frá Brekku í Norðurárdal en móðir hans er uppalin í Hólaberginu í næsta nágrenni við FB þar sem foreldrar hennar störfuðu á sínum tíma. Afi Þorgeirs er Sigurður Helgason húsgagnasmiður (Siggi stóri) sem framleiðir fuzzy kollinn og ljós í sama anda. Sigurður er einnig mjög virkur í félagsstarfinu í Gerðubergi.

“Það hefði kannski átt að liggja beint við að ég færi í framhaldsskóla í heimabyggðinni í Borgarnesi en þrátt fyrir borgfirskan uppruna þá erum við fjölskyldan eins og snytt út úr FB. Faðir minn var þar við nám á sínum tíma og kynntist móður minni sem var þar á sjúkraliðabrautinni. Ég hafði líka mikinn áhuga á rafmagni og langaði til þess að læra um það þannig að nám í rafvirkjun hentaði þessum áhuga mínum vel. Ég stefndi alltaf á iðnnám. Ákvað síðan að ljúka rafvirkjabrautinni fyrst og bæta stúdent-sprófinu síðan við upp á framhaldsnám.”

Framhaldsnám verður tengt rafmagni

Þorgeir segist ekki búinn að ákveða hvað hann taki sér fyrir hendur þegar kemur að framhaldsnámi. “Ég er þegar kominn á fullt í vinnu sem rafvirki. Ætla að safna mér smá peningum áður en að því kemur en er þó farinn að skoða skóla í Danmörku. Eina sem ég get lofað er að það verður eitthvað tengt rafmagninu. Áhuginn er fyrir hendi og svo er ég líka búinn að koma mér upp grunni



Porgeir Þorsteinsson dúx í FB á haustönn 2018. Myndin er tekin vestur í Laxárdal þar sem hann fór í göngur og réttir á heimaslóðum unnustunnar.

með rafvirkjanáminu. Ég held að iðnnámið sé góð undirstaða undir framhaldsnám á háskólastigi hvort sem það verður raftækniþræði, rafmagnsverkfræði eða annað því tengt.” Þorgeir segist hafa átt gott skjól í Hólaberginu hjá afa sínum og ömmu. “Ég bjó alveg hjá þeim fyrstu tvö árin en svo fór móðir mín að vinna í Reykjavík og þá fórum við mikið á milli. Gátum verið samferða og nýtt einn bíl til ferðalaganna. Eftir það fór ég að búa sjálfur.”

Var í körfubolta með náminu

Ég vann ekki með skólanum en hef unnið í fríum. Á sumrin og um jól og páska. Ég kláraði samninginn minn á Hvanneyri og hóf svo störf hjá fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu nú í byrjun janúar. Ég var í körfubolta með ÍR um tíma. Svona eins og afi var

enda eru við báðir hávaxnir. Ég var ekki í öðru félagslífi. Bara í ÍR og svo í skólanum.” En kostaði dúxið ekki mikinn lestur. “Ég hef alltaf lesið frekar mikið. Ég var snemma fljótur að lesa og hef efflaust nýtt mér það auk þess sem ég hef alltaf haft gaman af að fást við stærðfræði og formúlur. Mér finnst það sem ég er að gera þurfa að hafa tilgang. Tölvufræðin hafa þó ekki höfðað til mín umfram hvað ég þarf að nota tölvur við daglegt nám og störf. Ég fer því ekki í tölvufræði. Það má alveg bóka. Nú er ég og vinkona mín farin að búa hér í Breiðholti. Hún er ættuð úr Laxárdal og lauk sínu framhaldsnámi í Borgarnesi þannig að við kynntumst ekki í FB. Hún hefur áhuga fyrir námi í sjúkrapjálfun. Að koma hingað í Breiðholt voru ekki mikil umskipti frá Borgarnesi. Svo fór alltaf vel um mig hjá ömmu og afa.”

HÚSEIGENDUR – GÓÐIR ÍSLENDINGAR

Tökum að okkur lagfæringar á byggingum, breytingar eða endurbætur.

Parketlagnir, skjólveggi, þakviðgerðir, Lagfærum lóðir og bílastæði

Vanir menn – vönduð vinnubrögð

Slaki ehf

Upplýsingar gefa Páll, 664 7000 - pg@slaki.is
og Halldór, 663 6600 - hk@slaki.is eða á www.slaki.is

Útsala-30-70% afsláttur af völdum vörum



Ynja
UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær - Álfheimar 74
S. 544 4088 - www.ynja.is

MotorMax Smurpjónusta

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 18:00

Laugardaga 12:00 til 16:00

Engar tímapantánir!

Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

Við smyrjum alla bíla með hágæða **MOTUL** olíum.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR

Eitt gíg ljósleiðari tengdur inn á öll heimili í Breiðholti

- Breiðhyltingurinn Arnar Sveinsson starfar sem tæknimaður afhendingar hjá Ljósleiðarnum

Gagnaveita Reykjavíkur kláraði nýverið að uppfæra alla viðskiptavinina sína í Breiðholti yfir á Eitt gíg netbúnað

Breiðhyltingar hafa sjálfsagt tekið eftir því á undanförunum árum að Gagnaveita Reykjavíkur hefur unnið að því hörðum höndum að tengja ljósleiðarakerfi inn á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu.

Nú er svo komið að á næstu vikum eru síðustu heimilin í Mosfellsbæ, Hafnarfirði og Garðabæ að tengjast Ljósleiðaranum.

Breiðhyltingurinn Arnar Sveinsson starfar sem tæknimaður afhendingar hjá Ljósleiðarnum. Hann er hluti af þeirri deild sem tengir heimili innanhúss í Breiðholti við Ljósleiðarann í svokallaðri Einni heimsókn.

Það veitir mér mikla ánægju í starfinu að tengja heimili við besta mögulega netsamband sem sem völ er á, Eitt gíg er ótrúlega hraðvirk og stöðug

tenging sem ræður leikandi við alla þá notkun sem er á íslenskum heimilum, allt hökt á sjónvarpi og streymisveitum heyrir sögunni til.

Galdurinn við Eina heimsókn Ljósleiðarans er sú að við tryggjum að allt virki áður en starfsmaður okkar yfirgefur heimilin, við gerum til dæmis hraðamælingar og prófum allan búnað til að vera viss að fólk upplifi gæðasamband Ljósleiðarans strax frá fyrsta degi.

Það er enginn kostnaður við að tengja Ljósleiðarann alla leið, eingöngu er greitt svipað mánaðargjald og heimilin hafa verið að greiða áður í svokallað línugjald.

Hvernig virkar þetta svo þegar þið eruð búnir að tengja Eitt gíg við öll heimili í Breiðholti- hvað gera íbúar þá - fer þá eitthvað flókið kerfi í gang?

“Reynt er að hafa þetta sem allra einfaldast fyrir íbúa. Viðskiptavinur pantar bara þá þjónustu sem honum hugnast hjá



Breiðhyltingurinn Arnar Sveinsson starfar sem tæknimaður afhendingar hjá Ljósleiðarnum.

sínu fjarskiptafélagi en söluaðilar Ljósleiðarans eru Nova, Vodafone, Hringdu og Hringiðan. Við komum síðan og tengjum allt innanhús – íbúum að kostnaðarlausu.”

Þetta fyrirkomulag kallast eins og áður segir Ein heimsókn, sem sagt allt tengt í einni heimsókn. Þetta ferli hefur fengið mikið lof og ánægju meðal viðskiptavina, Hægt er að sjá videó af þessu ferli á

= ljosleidarinn.is/einheimsokn

Vil ég hvetja alla til að prófa að tengjast Ljósleiðarann sem hafa ekki gert það nú þegar og upplifa Eitt gíg á sínu heimili.



Ertu á leiðinni í frí?

GEYMDU BÍLINN HJÁ OKKUR

BÍLASTÆÐI | ÞVOTTUR | BÓN | SMURNING | BILANAGREINING | RAFHLEÐSLA | FRAMRÚÐUSKIPTI OFL.

KEYRUM OG SÆKJUM Á VÖLLINN

Bókaðu á netinu www.carpark.is
eða í síma 588-9999

Nýr ungbarnaleikskóli í Breiðholti

Nýr ungbarnaleikskóli hefur verið opnaður í Breiðholti. Það eru hjónin Hallgrímur Þór Gunnþórsson og Susana Ravaness sem opnuðu leikskólann á laugardaginn var. Skólinn nefnist Krílasel og er til húsa á jarðhæð við Rangársel 2 en sjálf búa þau á efri hæð hússins fyrir ofan húsnæði leikskólans. Neðri hæðirnar við Rangársel voru skipulagðar sem verslunarhúsnæði og þar sem þau eru með skólann var Helga Unnarsdóttir, leirlistamaður með vinnustofu og verslun. "Við vorum búin að hafa áhuga á þessu húsnæði um tíma og þegar Helga hugðist flytja sig um set festum við kaup á því," segir Hallgrímur.

Hann segir að skipulagsráð Reykjavíkurborgar ekki hafa gert neinar athugasemdir við að húsnæðinu væri breytt í ungbarnaleikskóla en gera hafi þurft talsverðar breytingar á því áður en rekstur gat hafist. Alls er um 130 fermetra húsnæði að ræða auk útileiksvæðis. Hallgrímur segir þetta ákjósanlegt svæði fyrir leikskólastarf. Stutt í græn svæði í Seljadalnum sem liggur hinum megin við Rangárselið og einnig í frábært útsvæði við Andapollinn við Hólmasel.

Byggja á eigin menntun, reynslu og þekkingu

Susana Ravaness er menntaður leikskólakennari og studdist m.a. við eigin menntun, reynslu og þekkingu við gerð námskránnar en hafði námskrár annara leikskóla til hliðsjónar auk þess að ræða við annað fagfólk m.a. leikskólastjóra annara ungbarnaleikskóla og starfsfólk skóla og frístundasviðs



Hallgrímur Þór Gunnþórsson og Susana Ravaness fyrir framan Krílasel.

Reykjavíkurborgar. Hallgrímur vann aftur á móti rekstrarlíkan fyrir ungbarnaleikskólann sem verkefni í framhaldsnámi sem hann tók sem undanfara stofnunar hans en þau verða bæði starfsmenn Krílasels auk eins til tveggja annarra starfsmanna sem ráðast mun af fjölda barna og hafa þegar auglýst eftir fólki.

Um 15 til 20 börn geta fengið pláss

En hvað verða mörg börn í leikskólanum Krílaseli. "Húsnæðið gerir ráð fyrir að hér geti verið á bilinu 15 til 20 börn og leyfið sem skólinn starfar eftir miðast við þann fjölda. Það voru komnar um 40 umsóknir þannig að aðsóknin ætlað að verða mun meiri en við getum annað þegar í byrjun. Það dróst síðan aðeins að hefja starfið en við erum nú að heyra frá þessum foreldrum aftur og miðað við viðtökur þurfum við

ekki að hafa áhyggjur af því að fá ekki börn í umsjón til okkar," segir Susana.

Bjart rými þar sem öllu er vel fyrir komið

Þegar litið er yfir húsnæði og umhverfi leikskólans vekur athygli hversu bjart er yfir öllu og vel hefur tekist til að byggja aðstöðuna upp í ekki stærra rými. Í leikskólanum má bæði finna rými fyrir daglega umsjón og kennslu, sérstakt hvíldarrými sem er nauðsynlegt fyrir börn á þessum aldri auk eldhúss og starfsaðstöðu fyrir skólastjórnendur og starfsfólk.



Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar var mættur á opnunina.



Frá formlegri opnun smábarnaleikskólans Krílasels. Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson sóknarprestur í Seljakirkju mætti á svæði og vígði staðinn.

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

Hönnun og nýsköpun í

Fablab áfanga

Kvöldskóla FB

Þú lærir að nota:

leiserskera
vínlskera
þrívíddar prentara
ofl

Þú vinnur með:

tré, plexí
gler, vínílfilmur,
pappír
ofl

Kennt verður í Fablab Reykjavíkur í FB

6.febrúar - 27.mars kl. 18:00-21:40

Verð 18.000kr

www.fb.is

kvold@fb.is

Gamlársdags- fagnaður í Breiðholtslaug



Starfsfólk Breiðholtslaugarinnar var afhent viðurkenningarskjal og blóm á gamlársdag.

Fyrir átta hópurnar sem syndir reglulega snemma dags í Breiðholtslauginni heiðraði starfsfólk Breiðholtslaugarinnar með viðurkenningarskjali og blómum fyrir einstaka lipurð og þjónustulund á gamlársdag.

Mikið var um gleði við laugina og tala myndirnar sínu máli um stemninguna. Fyrir átta er samheldinn hópur sundlaugargesta sem hefur í gegnum tíðina haldið uppákomur í húsnæði Breiðholtslaugar.



Sundgestir gæða sér á kræsingum.



Félagsmiðstöðvarnar í Breiðholti

Mikil gróska í sönglífinu

Mikil gróska hefur verið í starfi félagsmiðstöðvanna á undanförunum mánuðum. Margir stórir, sameiginlegir viðburðir hafa verið haldnir sameiginlega af félagsmiðstöðvunum þremur í Breiðholti, Hundradögellefu, Bakkanum og Hólmaseli.

Í desember síðastliðnum var haldin Söngkeppni Breiðholts, en þar kepptu unglingar úr öllu hverfinu. Sigurvegari keppinnar keppir svo fyrir hönd sinnar félagsmiðstöðvar í Söngkeppni Samfés sem fer fram 23. mars. Í ár fáum við í Breiðholti að senda tvo keppendur og því fá líka þeir sem lentu í öðru sæti að keppa fyrir hönd sinnar félagsmiðstöðvar. Söngkeppni Samfés fer fram í Laugardalshöll og verður sjónvarpað á RÚV, svo allir geta fylgst með flottum þátttakendum úr Breiðholti spreyta sig á stóra sviðinu.

Starfið á nýju ári fer vel af stað og unglingarnir í hverfinu eru duglegir að mæta í sína félagsmiðstöð. Það eru margir spennandi viðburðir framundan og má þar nefna Stíl, hönnunarkeppni Samfés og Breiðholt Got Talent sem verður haldið í Breiðholtsskóla þann 8. febrúar. Þar gefst unglingunum í hverfinu kostur á

að sýna hæfileika sína og það hefur ekki verið skortur á atriðum frá hæfileikaríkum unglingum. Við viljum skora á foreldra að vera duglega að hvetja unglingana sína til að taka þátt í því góða starfi sem á sér stað á vegum félagsmiðstöðvanna í hverfinu.

Myndirnar voru teknar á Söngkeppni Breiðholts og sýna þær sem lentu í þremur efstu sætum.



Hjá okkur starfa starfsmenn með áralanga reynslu af bílasprautun og bílaréttingum.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði.

Við notum hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á í faginu svo sem Autorobot réttingabekk með öllum þeim mælitækjum sem til þarf til viðgerðar á bíl eftir tjón.

Herkules lyftur og Omia sprautuklefi sem er einn sá fullkomnasti á landinu.

Við sprautun á bílum er notast við hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn vatnslökk og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði. Verkstæðið þjónustar allar bíltegundir.

B&T

RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi · www.bilarogtjon.is



Þegar kemur að vandaðri vinnu

Helgi smiður

Annast viðhald og viðgerðir
fasteigna fyrir húsfélög,
einstaklinga og fyrirtæki.

Gluggar – Gler – Glerlistar – Opnanleg fög
Þakjárn – Þakkantur – Þakrennur – Niðurföll
Sólpallar – Skjólveggir – Girðingar
Skápar – Innréttingar – Parkett – Flísar

Sími: 897 4425

Kærleiksdagur til styrktar Kvennaathvarfinu

Þann 8. desember síðastliðinn stóðu frístundaheimilin í Breiðholti fyrir Kærleiksdegi, í sal Hólabrekkuskóla. Þar var til sölu handverk, sem börnin á frístundaheimilunum höfðu búið til.

Einnig var stór og mikill kökubasar og loks happdrætti, með fjölmörgum glæsilegum vinningum. Söfnunarféð mun allt renna til uppbyggingar leiksvæðis í Kvennaathvarfinu og verða peningarnir afhentir á næstu vikum. Frístundaheimilin vilja færa þeim fjölmörgu sem lögðu þessu málefni lið bestu þakkar.



Handverk sem börnin á frístundaheimilunum höfðu búið til.

Ölduselsskóli með bókahillu í ÍR heimilinu

Ölduselsskóli hefur komið bókahillu fyrir í ÍR heimilinu og er hillan framlag skólans til verkefnisins Bókabrólts sem Foreldrafélögin í Breiðholti standa fyrir.

Markmið með verkefninu er að auka lestur fólks á öllum aldri og því nauðsynlegt fyrir sem flesta krakka að gera sér ferð í ÍR heimilið, skoða hilluna og næla sér í skemmtilega bók til að lesa. Í Ölduselsskóla eru margir nemendur skapandi og með listræna hæfileika. Skólinn er skreyttur listaverkum nemenda sem oft hafa verið sköpuð undir leiðsögn og með hvatningu Verk- og listgreinakennara. Bókahillan er yngsta listaverk skólans.



Hér er verið að setja bækur í bókahilluna.

SNOTRA kynnir SOGÆÐAMEDFERÐ

- Nuddar frá iljum upp í mjöðm
- Vinnur á sogæðabólgu
- Vinnur á appelsínuhúð
- Minnkar fótapirring
- Vekur æðakerfið
- Vinnur á bjúg



Snyrtimedferð og forvörn gegn sogæðabjúg

Verið velkomin!

SOGÆÐAMEDFERÐ
LITUN & PLOKKUN
HANDSNYRTING
ANDLITSBÖÐ
VAX·FÖRÐUN·NUDD

OPIÐ ÞRIÐJUDAGA TIL FÖSTUDAGA 10-17
Snyrtistofan Snotra • Arnarbakka 2 • 557 3122



snotra.is



facebook.com/snyrtistofansnotra



snotra.is

Lærðu um leið og þú ferðast!

Ertu fædd/ur 2003, 2002 eða 2001?

Þá getur þú sótt um að fara í skiptináms með Mundo í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Frakklandi og Spáni.

Pantaðu viðtal hjá mundo@mundo.is

Nánari upplýsingar hjá:
margret@mundo.is

MUNDO
www.mundo.is

APENA
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

BÍLRÚÐU MEISTARINN

S: 571-1133

3 ÁRA ÁBYRGÐ Á FRAMRÚÐU ÍSETNINGUM
BRM.IS

VINNUM FYRIR ÖLL TRYGGINGARFÉLÖGIN
SÉRHÆFT BÍLRÚÐUVERKSTÆÐI MEÐ BÍLASMÍÐAMEISTARA
BRM@BRM.IS BÍLRÚÐUMEISTARINN DALVEGI 18 201 KÓP

NOON
HÁRSTOFA

5672077 HÓLMASELI 2, 109 RVK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Heilsueflandi Breiðholt

Rafrettur eru fyrsta skrefið til frekari neyslu

Nýjar tölur frá Rannsóknunum og Greiningu um líðan og hagi barna og unglunga sýna stórauðna rafrettunotkun unglunga í 8.-10. bekk um allt land. 38% unglunga í 9. og 10. bekk grunnskólum í Breiðholti hafa prófað rafrettur einu sinni eða oftar og 23% unglunga í 8. bekk hafa prófað. Í 10 bekk reykja 7.4% nemandi í Breiðholti rafsigarettur daglega, 8.2% í 9. bekk og 2.9% í 8. bekk. Aðeins 1% unglunga í sömu bekkjum reykir venjulegar sigarettur daglega. Af þessum tölum má ráða að reykingar hefðbundinna sigarettna sé í lágmarki en rafretteykingar unglunga séu að verða ríkjandi. Er það ekki bara gott, skömminni skárna en venjulegar sigarettureykingar eða hvað?

Rannsóknir sýna að börn og unglingar sem reykja rafrettur eru mun líklegri til að byrja að reykja venjulegar sigarettur. Því fyrr sem börn og unglingar byrja að fíka við rafrettur sem innihalda nikótín, því líklegri er að þau ánetjist því. Þessi hætta á sérstaklega við fyrir tuttugu ára aldur, áður en heilinn er fullþroskaður. Auk nikótíns innihalda rafrettur í flestum tilfellum önnur skaðleg efni, þar með talin krabbameinsvaldandi efni og jafnvel ólögleg fíkniefni. Lungu unglunga sem eru að þroskast eru sérstaklega viðkvæm fyrir efnum úr rafretum. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur varað við útbreiðslu rafretta og hvetur ríki heims til að herða reglur um notkun þeirra. Fyrirtækin sem framleiða venjulegar sigarettur hafa á síðustu árum verið að yfirtaka rafrettuiðnaðinn. Sömu fyrirtæki hafa tuttugu faldað markaðsfé sitt á sama tíma og einbeita sér að því að gera rafrettur að tiskuvöru fyrir börn og unglunga og skeyta ekkert um slæmar afleiðingar neyslunnar.

Ágætu foreldrar. Það er skammgóður vermir að leyfa börnum og unglungum að byrja að reykja rafrettur. Slíkar reykingar stórauðna líkurnar á þau ánetjist nikótíninu og færi sig yfir í venjulegar sigarettur með tilheyrandi skaða á heilsufar sem allir þekkja. Stöndum með börnum okkar og unglungum og útrýmum rafrettunum.

Frekari upplýsingar um rafrettur er að finna á vefnum: www.heilsuvera.is

Þráinn Hafsteinsson.
Verkefnastjóri frístunda og félagsauðs.
Þjónustumiðstöð Breiðholts.



Þráinn Hafsteinsson.

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leiknir með kvennalið í fótboltanum

Leiknir mun tefla fram meistaraflokk kvenna á yfirstandandi tímabili. Um tuttugu stelpur mættu þegar á æfingar og nokkrar af þeim uppalda í yngri flokkum Leiknis.

Garðar Gunnar Ásgeirsson er þjálfari liðsins en hann þarf vart að kynna fyrir Leiknisfólki enda uppalinn Leiknismaður og hefur komið að þjálfun meistaraflokks og yngra flokka Leiknis þó nokkrum sinnum. Stefnan er að liðið keppi í 2. deild kvenna í sumar og í Lengjubikarnum í vetur.

Meistaraflokkur kvenna spilaði sinn fyrsta leik í um 11 ár 7. desember sl. Síðasti leikur meistaraflokks kvenna á Leiknisvelli var spilaður 23. ágúst 2007. Þá gerðu stelpurnar nokkuð ósanngarnt jafntefli við FH 1-1. Föstudagsleikurinn



var æfingaleikur við Gróttu. Þær enduðu í 6. sæti í 2. deild á síðasta tímabili, sömu deild og Leiknir verður í á næsta ári.

Áttundi flokkur Leiknis farinn að æfa

Æfingar hjá 8. flokki Leiknis eru hafnar eftir jólafrí. Flokkurinn æfir einu sinni í viku á laugardögum í íþróttahúsi Fellaskóla klukkan 12:00.

Ekkert æfingagjald þarf að greiða til að vera með og æfingarnar fyrir bæði stráka og stelpur. Við hvetjum alla hressa krakka til að mæta og taka þátt en frekari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðu flokksins: Leiknir 8. flokkur.



Áfram í U16

Davíð Snorri Jónasson þjálfari U16 ára landsliðs karla hefur valið úrtakshóp U16 ára landsliðs karla sem æfðu 4. - 6. janúar.

Leiknismennirnir síkátu Andri og Andri hafa verið í síðustu úrtakshópum liðsins og er þessi hópur enginn undantekning. Drengirnir eru vel að þessu komnir.



Jóga í Speglasal í Gerðubergi í Breiðholti

Jóga og stutt gong slökun

Mánudaga og miðvikudaga kl. 17:15-18:30

Gong slökun - Slökun í heilandi hljómunum gongs

Miðvikudaga kl. 18:45-19:45

Kennari: Guðrún Ingibjörg Hálfðanardóttir

Frúr kynningartímar 6. og 11. febrúar

Nánari upplýsingar:

Guðrún: s. 8948779

Tölvupóstur: guðrun@eilifdarsol.is

www.eilifdarsol.is



Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

S Í ð a n 1 9 9 5

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Fagleg þjónusta -
Vönduð vinnubrögð



Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Reykjavík - Snæfellsbæ - Höfn Hornafirði | Sími 588 4477 | www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri
Lögg. fasteignasali og leigumíðlari
896 5222



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc.
693 3356



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477



Úlfar Freyr Jóhannsson
Lögræðingur Hdl.
Lögg. fasteignasali.
Skjalavinnsla
692 6906



Herdís Valb. Hölludóttir
Lögræðingur og lögg. fasteignasali
694 6166



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm.
fasteignasali
Snæfellsnesi
893 4718



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
892-8778



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
Útibú Höfn Hornafirði
895-2115

Aníta og Guðni Valur Íþróttafólk ÍR 2018

Aníta Hinriksdóttir frjálsíþróttakona og Guðni Valur Guðnason frjálsíþróttakarlar voru útnefnd íþróttakona og íþróttakarlar ársins 2018 hjá ÍR á verðlaunahátíð félagsins sem haldin var þann 27. desember sl.

Hver deild innan ÍR tilnefndi íþróttakonu og íþróttakarlar ársins 2018 og úr þeim hópi valdi aðalstjórn þau Aníta og Guðna Val. Aníta setti m.a. glæsilegt Íslandsmet í 1500 m hlaupi innanhúss á árinu og var stigahæsta frjálsíþróttakona ársins á Íslandi. Guðni Valur kastaði öðru lengsta kasti sögunnar í kringlukasti á árinu og náði stigahæsta afreki Íslendinga á árinu í frjálsíþróttum. Guðni Valur og Aníta voru valin úr hópi allra iðkenda hjá ÍR en hægt er að iðka 10 mismunandi íþróttagreinir hjá féluginu. Aníta og Guðni hlutu bæði stig í kjöri íþróttamanns ársins en til gamans má geta þess að fjórir frjálsíþróttamenn deildarinnar hlutu þar stig og urðu í einu af þrjátíu efstu sætum, þar sem fimm frjálsíþróttamenn áttu sæti. Þetta voru Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir sem hafnaði í 7. til 8. sæti, Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir sem varð í 15. sæti og Aníta og Guðni í 25. til 29. sæti. Spjótkastarinn og Ármennigurinn Ásdís Hjalmsdóttir hafnaði í 21. til 23. sæti. Þetta er glæsilegur árangur hjá ekki stærri íþróttagrein en frjálsíþróttir eru en af topp 30 komu níu úr knattspyrnu, fimm úr frjálsíþróttum, fimm úr golfi, þrír úr lyftingum, tveir úr fimleikum, tveir úr körfuknattleik, tveir úr handknattleik, tveir úr íþróttum fatlaðra (þar af ein úr frjálsíþróttum), einn úr sundi og einn úr keilu.



Guðni Valur Guðnason og Aníta Hinriksdóttir.

Gamlárshlaup ÍR

- ÍR átti sigurvegara í karlaflokki

Gamlárshlaup ÍR fór fram í 43. sinn á Gamlársdag og var fyrri þátttökumet sprengt með glæsibrag en 1920 hlauparar voru skráðir til leiks þrátt fyrir að veðurspá og veðrið meðan hlaupið fór fram hafi verið hreint afleitt. Fólk á öllum aldri tók þátt og var gaman að sjá gleðina í andlitum fólks þegar það kom veðurbárið gegnum endamarkið. Það er ljóst að Gamlárshlaup ÍR hefur stimplað sig inn sem einn af mikilvægari viðburðum Gamlársdags og fáir hlaupara sem láta sig vanta í hlaupið sjálf eða til að starfa og hvetja.

ÍR átti sigurvegara í karlaflokki en Arna Pétursson og Þórolfur Ingi Þórólfsson urðu fyrsti í mark á finum tímum 34:03 mín og 34:30 mín. Dagbjartur Kristjánsson og



Vignir Már Lýðsson háðu harða baráttu sem lauk ekki fyrr en við endamarkið þar sem Dagbjartur var aðeins 1 sek fljótari. Arndís Ýr Hafþórsdóttir Fjölni sigraði með yfirburðum í kvennaflokki,

Justine Anthony UK varð 2. Jóhanna Ólafs KR var í 3. sæti. Alls 115 sjálfboðaliðar á öllum aldri úr röðum ÍR-inga tóku þátt í framkvæmdinni sem var til mikillar fyrirmyndar að vanda.

Guðbjörg Jóna á meðal 10 efstu

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir frjálsíþróttakona var meðal tíu efstu og önnur tveggja kvenna í kjöri íþróttamanns ársins í lok desember sl. Guðbjörg hafnaði í 7. til 8 sæti.

ÍR-ingar eru gríðarlega stoltir af hennar frammistöðu og framgöngu en auk þess að vera frábær íþróttakona er Guðbjörg góð fyrirmynd og

sýnir af sér íþróttamannslega framkomu. En eins og kom fram í kynningunni sem formaður samtaka íþróttaréttamanna hélt þá er horft eftir fleiri þáttum en aðeins íþróttarárangri, þar á meðal því hvernig íþróttamaðurinn kemur fram og hvort hann sé góð fyrirmynd fyrir aðra og sér yngri íþróttamenn.



BYKO í hóp bakhjarla körfunnar hjá ÍR

Körfuknattleiksdeild ÍR og BYKO undirrituðu samning í Hertz hellinum fyrir leik ÍR og Hauka þann 11. jan sl.

Með þessu samningi er BYKO komið í hóp helstu bakhjarla körfuknattleiksdeilda ÍR sem ÍR ingar eru mjög þakklátir fyrir. Á meðfylgjandi mynd eru til vinstri Sigurður Pálsson forstjóri BYKO og Hilmar Sigurjónsson frá körfuknattleiksdeild ÍR en þeir undirrituðu samninginn við hátíðlega athöfn.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Sjálfboðaliðar ÍR heiðraðir

Áslaug Ívarsdóttir, Hörður Ingi Jóhannsson og Stefán Valsson hlutu gullmerki ÍR á verðlaunahátíð félagsins sem fram fór fimmtudaginn 27. desember sl. Nítján einstaklingar sem lagt hafa ÍR lið með ómældri sjálfboðavinnu og stuðningi voru heiðraðir með silfurmerki og gullmerki félagsins. Gullmerki ÍR er veitt fyrir langvarandi og vel unnin störf í þágu félagsins í áratug eða lengur.

Þeir sem hlutu silfurmerki ÍR að þessu sinni eru eftirtaldir:

Guðmundur Axel Hansen, Guðni Ingi Pálsson, Hafþór Harðarsson, Haukur Þór Haraldsson, Haukur Sigurðsson, Helga Stefánsdóttir, Hilmar Magnússon, Hrafnhildur Úlfarsdóttir, Hróbjartur Jónatansson, Magnea Guðmundsdóttir, Magnús Þór Jónsson, Reynir Leví Guðmundsson, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigrún Tómasdóttir, Sigurður Albert Ármannsson og Þorsteinn Jóhannesson.



Sjálfboðaliðar ÍR sem voru heiðraðir með gull- og silfurmerkjum.



Áslaug Ívarsdóttir og Hörður Ingi Jóhannsson voru á meðal þeirra sem hlutu gullmerki ÍR.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

Útsala



20-80% afsláttur
af umgjörðum
20% af glerjum

Sjónmæling innifalin

 **Gleraugað**

Kringlunni

Sími: 568 1800